

22. september 2020  
R20090102

Sendandi: Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

***Efni: Erindi um vaxandi umferð við grunnskóla í hverfum 101 og 105***

Við sendum ykkur þetta erindi í von um að þið sjáið leiðir til þess að takast á við ákveðið verkefni með okkur í Íbúaráði Miðborgar og Hlíða.

Þannig er mál með vexti að umferð við grunnskóla í hverfum 101 og 105 er afar mikil, sérstaklega í upphafi og lok dags þegar börn eru á leið til og frá skóla. Það skýrist að hluta til af því að við marga grunnskóla í hverfunum eru framhaldsskólar og háskólar og nemendur sem koma akandi í skólann.

Þessi mikla umferð skapar hættu fyrir börnin í barnaskólunum sem ganga og hjóla til skóla sem og aðra vegfarendur og að auki eykur þetta mengun og slæma hljóðvist.

Við viljum koma á samstarfi borgarinnar og skólana, stjórnenda og nemendafélaga / stúdentaráðs og fara í aðgerðir til að minnka umferð ökutækja við barnaskóla í hverfunum. Einnig gæti verið áhugavert að skoða fleiri stofnanir í hverfunum væru tilbúnar í átak.

Það væri gott að heyra hvernig ykkur hugnast þetta og hvað við getum gert til þess að koma þessu á.

Með kveðju og von um góð svör,

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða.